

FRÁSÖGN

af janúarfundum Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn, 21.–22. janúar 2014

Janúarfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Kaupmannahöfn dagana 21.–22. janúar sl. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Höskuldur Þórhallsson, formaður, Valgerður Gunnarsdóttir, Elín Hirst, Helgi Hjörvar, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Róbert Marshall og Steingrímur J. Sigfússon. Helstu mál á dagskrá voru leiðtogafundur Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins, tengsl Norðurlandaráðs við Evrópusambandið, fiskeldi í hringrásarkerfum, snjaldreifikerfi fyrir raforku, endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins og gæðamerki fyrir jafnræði og jafnrétti í leikskólum og grunnskólum.

Árlegur leiðtogafundur forsætisnefndar með forsætisnefnd Eystrasaltsþingsins var haldinn í tengslum við janúarfundina. Helsta mál á dagskrá var samstarfsáætlun Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins 2014–15, sem samþykkt var á fundinum. Af áhersluþáttum áætlunarinnar var sérstaklega fjallað um samræmingu aðgerða gagnvart Evrópusambandinu, NB8 Wise Men Report eftir Valdis Birkavs og Søren Gade, norðurslóðir, mansal, málefni Hvíta-Rússlands og málefni Úkraínu. Forseti Norðurlandaráðs, Karin Åström, og forseti Eystrasaltsþingsins, Laine Randjarv, fordæmdu á fundinum valdbeitingu og ofbeldi í Kænugarði til að dreifa mótmælendum sem að undanförunu hafa lýst yfir stuðningi við aðlögun Úkraínu að Evrópusambandinu.

Tengsl Norðurlandaráðs við Evrópusambandið voru til umfjöllunar í forsætisnefnd og fagnefndum, þar sem lögð var fram skýrsla Andreu Karlsson með 28 tillögum um mögulegar aðgerðir til að efla tengslanet milli Norðurlandaráðs og Evrópuþingsins, einkum við norræna ESB-þingmenn. Tillögunum í skýrslunni er skipt í þrjá flokka; kynningu og upplýsingar fyrir Norðurlandaráð, ESB í daglegu starfi ráðsins og ESB í starfi nefnda ráðsins. Í kjölfar kynningarinnar munu fagnefndir ráðsins gefa umsögn um skýrsluna og forsætisnefnd fjalla áfram um hana á næsta fundi nefndarinnar á Akureyri í apríl.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd fjölluðu sameiginlega um tvær þingmannatillögur. Annars vegar um fiskeldi í hringrásarkerfum, þar sem gestir fundarins voru Per Bovbjerg hjá danska tækniháskólanum, Danmarks Tekniske Universitet – DTU, og Jesper Heldbo, sem er í forsvari fyrir samstarfsvettvang hringrásariðnaðarins Aquacircle. Hins vegar um snjaldreifikerfi fyrir raforku, þar sem markmið tillögunnar er að Norðurlönd nái saman um grunnreglur, staðla og tækniröfur til að tryggja innri markað fyrir neytendur og framleiðendur á Norðurlöndum og að samnorrænar reglur og staðlar á þessu sviði verði á síðari stigum teknar upp í Evrópu.

Borgara- og neytendanefnd afgreiddi úr nefnd þingmannatillögu frá flokkahópi jafnaðarmanna um endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins. Í nefndaráliti segir að nefndin leggi til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hefja endurskoðun á „Samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir“ í því skyni að skýra orðalag í reglunum, og að kannað verði hvernig hægt er að tryggja að skattstjóraembætti og önnur yfirvöld sem málið varðar túlki tvísköttunarsamninginn á sama hátt og veiti almenningi réttar og ótvíræðar upplýsingar um reglurnar. Anne Wirén, fjármálastjóri hjá sænskum skattyfirvöldum, Skatteverket, var gestur fundarins.

Forsaga málsins er sú að gildistaka 1. janúar 2009 á þeim breytingum á tvísköttunarsamningi Norðurlandanna að lífeyrisþegar sem áður áttu einungis að greiða skatt til landsins sem greiddi þeim lífeyri eiga nú einnig að greiða skatt í búsetulandinu hefur valdið vandræðum fyrir norska lífeyrisþega í Svíþjóð þar sem skattlagning á lífeyri er hærri en í Noregi. Norsku lífeyrisþegarnir leituðu til Skatteverket þegar þeir hugðust flytja eða voru þegar

fluttir til Svíþjóðar en munnlegar upplýsingar sem þeir fengu um skattlagningu lífeyris reyndust ófullnægjandi þar sem skattyfirvöld í Svíþjóð tjáðu lífeyrisþegunum að þeir þyrftu ekki að greiða skatt af lífeyrinum í Svíþjóð fyrir árið sem þeir fluttu eða næstu þrjú ár þar á eftir. Öðrum var sagt að fimm eða jafnvel fleiri ár mundu líða áður en þeim yrði gert að greiða umrædda skatta. Sú upplýsingagjöf hefur gert það að verkum að umræddir lífeyrisþegar hafa ekki greitt hinn hærri skatt í Svíþjóð fyrir árin 2009, 2010 og 2011 enda var þeim ekki kunnugt um að þeir skulduðu sænska ríkinu skatt. Nú er þeim ætlað að greiða skatt í báðum löndunum en til að komast hjá tvísköttun draga sænsk yfirvöld í útreikningum sínum frá þá upphæð sem þegar hefur verið greidd í Noregi. Anders Borg, fjármálaráðherra Svíþjóðar, hefur ekki viljað taka á málinu þar sem umboðsmaður sænska þingsins, Justitieombudsmannen, hefur ekki talið ástæðu til að gagnrýna afgreiðslu málsins hjá Skatteverket.

Borgara- og neytendanefnd afgreiddi einnig úr nefnd tillögu um gæðamerki fyrir jafnræði og jafnrétti í leikskólum og grunnskólum. Í nefndaráliti segir m.a. að nefndin leggi til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að leikskólar og skólar verði kortlagðir út frá kynjasjónarmiðum og hentugar aðferðir greindar á Norðurlöndum til að efla jafnræði í leikskólum og skólum, og um að skrásetja norrænt gæðamerki, vottun, eða svipað norrænt fyrirkomulag sem veitt verði leikskólum og grunnskólum sem vinna markvisst að jafnræði og jafnrétti. Eitt minnihlutaálit var í nefndinni þar sem lagst var gegn því að skrásetja norrænt gæðamerki, vottun, eða svipað norrænt fyrirkomulag.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs átti í aðdraganda janúarfundanna fund með nýjum framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs, Britt Bohlin, og ráðgjöfum skrifstofu Norðurlandaráðs, Tinu Bostrup, ritara forsætisnefndar, og Tryggva Felixsyni, ritara umhverfis- og náttúruauðlindanefndar. Einnig fundaði Íslandsdeild með fulltrúum skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, Kenneth Broman skrifstofustjóra og Emelie Barbou des Places ráðgjafa, sem og framkvæmdastjóra Norræna menningarsjóðsins, Karen Bue.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.norden.org.